

Fundur hreppsnefndar Langanesbyggðar verður haldinn miðvikudaginn 5. desember kl. 18:00 í Verinu (Tunglinu).

Mætt voru: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð, Siggeir Stefánsson, oddviti, Jóhanna Helgadóttir, Árni Davíð Haraldsson, Aðalbjörn Arnarsson, Sigurður Ragnar Kristinnsson og Marínó Jónsson.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna

DAGSKRÁ:

1. Fundargerðir nefnda og ráða.

- Hreppsnefnd 18.10.07. (Lögð fram)
- Hreppsnefnd 31.10.07. (Lögð fram)
- Hreppsnefnd 29.11.07. (Lögð fram)
- Bygðaráð 22.11.07. (Lögð fram)

Drög að innkaupareglum fyrir Langanesbyggð samþykktar. Sveitarstjóra falin framkvæmd málsins. Samþykkt samhljóða.

- Fræðslu- og menningarnefnd 05.12.07

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að auglýsa starf skólastjóra grunnskólans á Þórshöfn laust til umsóknar þar sem núverandi skólastjóri lætur af störfum að afloknu yfirstandandi skólaári. Sveitarstjóra falið að auglýsa starfið í samráði við formann fræðslu- og menningarnefndar.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu nefndarinnar um viðbótarkennslu og stuðning í 7. bekk eða samtals 6 tíma á viku (1 aukatími í stærðfræði og 5 tímar vegna stuðningsfulltrúa).

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Fundargerðir frá ýmsum aðilum.

- Eyþing - Stjórnarfundur 05.10.07 (Lögð fram)
- Eyþing - Stjórnarfundur 12.10.07 (Lögð fram)
- Eyþing - Stjórnarfundur 19.11.07 (Lögð fram)
- Héraðsnefnd Þingeyinga 29.10.07

Fjárhagsáætlun fyrir Menningarmiðstöð Þingeyinga lögð fram. Samkvæmt áætluninni nemur kostnaðarhlutdeild Langanesbyggðar í rekstri Menningarmiðstöðvarinnar kr. 2.076.764,- á árinu 2008. Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir fjárhagsáætlunina en beinir því til stjórnar Menningarmiðstöðvar Þingeyinga að starfsemin verði kynnt betur fyrir sveitarstjórnnum og íbúum svæðisins auk þeirra skóla sem þar eru starfræktir.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir rekstur héraðsnefndar Þingeyinga árið 2008 en samkvæmt henni nemur kostnaður Langanesbyggðar kr. 321.644,-.

- Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra – 104. fundur 03.10.07

Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir framlagða fjárhagsáætlun fyrir rekstur Heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra árið 2008 en samkvæmt henni nemur kostnaður heilbrigðiseftirlits í Langanesbyggð árið 2008 kr. 1.164.732,-.

- Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra - 105. fundur (Lögð fram)

Siggeir Stefánsson
Jóhanna

3. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína.

4. Innsend erindi

Til kynningar:

- Samgönguráðuneytið – Svar við bréfi hreppsnefndar 31.10.07.

Fram kemur í svari ráðuneytisins að gert sé ráð fyrir því að GSM-sendir verði settur upp á Gunnólfsvíkurfjalli sem muni dekka vegakafla sem hefst suðaustan við Þórshöfn og lýkur við Hrauntanga. Áætlað er að uppbyggingin fari fram á árinu 2008.

- UMFÍ – Samþykkt 45. Sambandsþings UMFÍ.
- Félag eldri borgara við Þistilfjörð – Þakkir vegna 10 ára afmælis.
- Bréf frá matsnefnd Hafralónsár og Kverkár auk bréfs frá veiðifélagi Hafralónsár.
- Eyþing – Ályktun aðalfundar varðandi samstarf í ferðamálum.

Samþykkt að vísa ályktuninni til atvinnumálanefndar til kynningar.

- Eyþing – Ályktun aðalfundar varðandi hjólréiða- og göngustíga.

Samþykkt að vísa ályktuninni til umhverfis-, skipulags- og bygginganefndar til kynningar.

- Landvernd – Skólar á grænni grein.

Samþykkt að vísa ályktuninni til fræðslu- og menningarnefndar til kynningar.

Til afgreiðslu:

- Samband íslenskra sveitarfélaga – Verkfallslistar fyrir 01.02.08.

Vegna komandi kjarasamninga samþykkir hreppsnefnd Langanesbyggðar að fela sveitarstjóra, í samráði við viðkomandi stéttarfélög, að láta vinna skrá yfir þá starfsmenn hjá sveitarfélaginu sem ekki hafa verkfallsheimild. Listinn skal vera tilbúinn til birtingar 1. febrúar 2008.

- Félag leikskólakennara – Ábendingar vegna fjárhagsáætlunar 2008.

Samþykkt að vísa framkomnum ábendingum til fjárhagsáætlunargerðar vegna 2008.

- Byggingafulltrúi – Stofnskjal og grunnlódasamningur fyrir Langanesveg 20.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar veitir sveitarstjóra umboð til að undirrita stofnskjal og grunnlódasamning vegna Langanesvegar 20 og sjá um að umræddum gögnum verði þinglýst.

- Þjónustusamningur á milli Langanesbyggðar og Dælingar ehf.

Sveitarstjóri kynnti þjónustusamning á milli Dælingar ehf. og Langanesbyggðar er nær til holræsaheinsana hvers konar, sandfangatæminga, lagnamyndana og götusópunar. Samningur gildir til eins árs til að byrja með og framlengist til ársloka 2010 verði ekki um annað samið fyrir 1. desember 2008.



Hreppsnefnd Langanesbyggðar samþykkir að veita sveitarstjóra umboð til að undirrita framangreindan samning.

- Snorraverkefnið – Styrkbeiðni.

Samþykkt að hafna erindinu.

- Stígamót – Styrkbeiðni.

Samþykkt að hafna erindinu.

- Fjölskylduþjónusta Þingeyinga – Framkvæmdaáætlun í barnaverndarmálum.

Erindinu vísað til fræðslu- og menningarnefndar, íþrótt- og tómstundanefndar og vímuvarnarráðs.

- Iðnaðarráðuneyti – Fyrirspurn vegna þriggja fasa rafmagns.

Erindinu vísað til landbúnaðarnefndar til afgreiðslu.

- Sýslumaðurinn á Húsavík – Endurnýjun leyfis til reksturs gistingar að Ytra-Lóni.

Hreppsnefnd Langanesbyggðar mælir með því að endurnýjað verði leyfi til handa Mirjam Blekkenhorst, Ytra-Lóni, 681 Þórshöfn, til reksturs gistingar á einkaheimili.

- Sýslumaðurinn á Húsavík – Niðurfelling skuldar.

Umræðu og afgreiðslu erindisins vísað til lokaðs fundar að afloknum hreppsnefndarfundum.

5. Nefndir og ráð á vegum Langanesbyggðar

Tillaga um breytingu á samþykktum um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar. – Önnur umræða.

Fram var lögð eftirfarandi tillaga:

Í samræmi við afgreiðslu hreppsnefndar, dags. 18.10.07, og samþykkt byggðaráðs, dags. 18.09.07, er tillaga að breytingu 20. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp Langanesbyggðar, dags. 8. desember 2006, samþykkt.

20. gr. mun hljóða svo:

„Landbúnaðarnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. erindisbréfi fyrir Landbúnaðarnefnd Langanesbyggðar. Nefndin fer með yfirstjórn fjallskila- og riðumála í sveitarfélaginu skv. lögum og reglugerðum þar um, ásamt fleiri verkefnum á sviði landbúnaðarmála skv. erindisbréfi. Nefndin tilnefnir Búfjárestirlitsmann og annan til vara í samræmi við gildandi lög hverju sinni. Undir landbúnaðarnefnd heyrja tvær aðskildar fjallskilanefndir, fjallskilanefnd vestri (fyrrum Þórshafnarhrepps) og fjallskilanefnd eystri (fyrrum Skeggjastadahrepps). Þrjú aðalmenn og jafnmargir til vara í hvora. Þrjú fulltrúar í Landbúnaðarnefnd skulu jafnframt eiga sæti í fjallskilanefnd vestri og tveir skulu eiga sæti í fjallskilanefnd eystri. Sami háttur skal hafður á varðandi ákvörðun varamanna.“



Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að koma framangreindri samþykkt á framfæri.

6. Framhaldsskóladeild á Þórshöfn.

Á fundinn komu þær Heiðrún Óladóttir og Hilma Steinarsdóttir og gerðu grein fyrir skýrslu er þær hafa unnið varðandi mögulega stofnun framhaldsskóladeildar á Þórshöfn.

Eftir nokkrar umræður var eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða:

„Hreppsnefnd Langanesbyggðar fer þess á leit við Menntamálaráðuneytið að kannaðir verði til hlítar möguleikar þess að stofnuð verði framhaldsskóladeild á Þórshöfn. Samkvæmt gögnum er fyrir liggja er ljóst að mikil hagkvæmni liggur í slíku fyrir íbúa svæðisins, bæði félagslegir og fjárhagslegir, og leiða má rök fyrir því að slíkt sé einnig þjóðhagslega mjög hagkvæmt. Óskað er eftir því að veitt verði til verkefnisins nægjanlegum fjármunum til að vinna að undirbúningi slíkrar deildar á Þórshöfn, miðað við að hún hefji starfsemi haustið 2008.“

Sveitarstjóra, ásamt skýrsluhöfundum, falið að kynna málið fyrir menntamálaráðherra.

7. Endurskoðuð fjárhagsáætlun 2007 – Fjárhagsáætlun 2008, fyrri umræða.

Sveitarstjóri gerði grein fyrir stöðu mála og horfum varðandi rekstur yfirstandandi árs. Samþykkt að gera ekki breytingar á upphaflegri fjárhagsáætlun vegna 2007 enda fyrirsjáanleg frávík, miðað við stöðu bókhalds eftir tíu mánuði, auðskýranleg og innan skekkjumarka.

Fjárhagsáætlun 2008 vísað til seinni umræðu.

Samþykkt samhljóða

Fundargerð samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið 21:18.

Marinn Jónsson
Sveinur Thordarson
Adalyn Arason
Arni Daníel Haraldsson
Jóhanna Helgadóttir

Paul
Sveinur S.